

05/02 2020

Stjórn og trúnaðarráð FÍR

Stórhöfða 31 4.hæð

Mætt voru: Andri Reyur Haraldsson, Borgþór Hjörvarsson, Jökull Harðarson, Sigmundur Grétarsson, Helgi M Ingason, Margrét Arnarsdóttir, Kristján Helgason, Arnar Þór Björgvinsson, Guðjón Guðmundsson, Hafsteinn Hreiðarsson, Jakob Þór Leifsson, Eiríkur Jónsson og Guðmundur Ævar Guðmundsson.

Í fjarfundi: Viðar M og Þór Ottesen

Gestur: Kristján Þórður Snæbjarnarson formaður RSÍ

Fundur settur : 18:02

Borgþór leggur til að breyta fyrirkomulagi fundarins vegna þess að Kristján formaður RSÍ og Kristján Helgason eru ennþá fastir á fundi launanevndar.

Ritari les fundargerð síðasta fundar og er hún samþykkt án athugasemda.

Kristján formaður RSÍ fer yfir stöðu á sérsamningum.

- Ísal samningar ganga illa, spurning hvort stjórn og trúnaðarráð FÍR gefi heimild til þess að fara í atkvæðagreiðslu um verkfall og í framhaldi fara í skærur.
- Búið að bóka árangurslausan fund hjá ríkissáttasemjara.
- Norðurál, breytt vaktakerfi, menntamálin, liðsstjóraálag ofl, mögulega stutt í samninga.
- Alcoa viðræður rétt að byrja.

Eftirfylgni vegna lífskjarasamninga, farið yfir þau atriði sem ríkið er búið að uppfylla, þrepaskipt skattkerfi, barnabætur ofl. Meira fjármagn til Bjargs.

Ekki búið að standa við að lögfesta 15,5% vegna tilgreindrar séreignar.

Vinna er í gangi á frumvarpi sem snúa að refsíákvæðum vegna brota á kjarasamningum. Ekki komið langt með vinnu varðandi tómlæti.

Stjórn og trúnaðarráð FÍR samþykkir einróma að veita heimild til atkvæðagreiðslu um verkfall meðal Ísal starfsmanna.

Fyrirspurn hvort FÍR eða RSÍ geti sagt upp kjarasamningi vegna forsendubrests, Kristján segir svo ekki vera, forsendunefnd ASÍ þarf að meta staðreyndir.

Fyrirspurn um 40.ára annuets lán, en því er svarað til að þau verði áfram í boði fyrir meginþorra þó svo að bannið taki gild, um er að ræða aldurstengingu.

- Kristján formaður RSÍ yfirgefur fundin

Guðmundur Ævar varaformaður FÍR tekur við fundarstjórn

Umræður um siðanefnd RSÍ – Bent á að gæti komið illa út að setja miðstjórnarmann í siðanefnd, gæti orðið hagsmunaaðreksur. Hilmar vill að það séu níu í siðanefnd (einn frá hverju félagi), til viðbótar verði sú regla að ef siðanefnd tekur fyrir mál er tengist einhverjum úr siðanefnd skuli viðkomandi víkja meðan málið er tekið fyrir.

Skiptar skoðanir um fyrirkomulag siðanefndar.



Stjórn og trúnaðarráð FÍR leggur til Hafstein Hreiðarsson í siðanefnd RSÍ. Samþykkt af öllum fundarmönnum.

Kristján Helgason óskar eftir að Margrét og Borgþór (frambjóðendur til formanns FÍR) yfirgefi fundin.

Borgþór og Margrét yfirgefa fundin.

Kristján Helgason ber upp tillögu þess efnis að Margrét og Borgþór vinni engin störf fyrir félagið meðan á kosningu stendur.

Umræður um tillöguna, Helga líst ekki vel á að þau víkji úr miðstjórn.

Vel tekið undir tillöguna

Skora á frambjóðendur að sleppa miðstjórnarfundi níu samþykkir þrír á móti

Stjórn og trúnaðarráð samþykkir áskorun um að frambjóðendur forðist öll störf fyrir FÍR, RSÍ eða ASÍ og forðist almennt að koma upp á skrifstofur Rafiðnaðarsambandsins nema í brýnni nauð.

Samþykkt að setja einn spurningaþráð á facebook síðu félags íslenskra rafvirkja þar sem þau geta svarað spurningum.

Ályktun frá stjórn og trúnaðarráði FÍR til miðstjórnar RSÍ

- Stjórn og trúnaðarráð FÍR vill skilyrðislaus svör við því hver fyrirskipaði að fréttabréf RSÍ-Ung skyldi tekið niður og hvers vegna. Stjórn og trúnaðarráð FÍR lýsir yfir gríðarlegri óánægju með þessa aðgerð og telur þetta vera bein afskipti af kosningum aðildarfélags.

Ályktun samþykkt einróma

Margrét og Borgþór koma aftur inn á fundin

- Ritari les ályktun og tillögu FÍR fyrir þau.

Hilmar tekur við málefnum sem Margrét ætlaði að leggja fyrir miðstjórn.

Tölvupóstur verður sendur á alla félagsmenn með kynningu á framboðunum á sama tíma.

Frambjóðendur senda kynningu inn fyrir kl 13:00 föstudaginn 7.febrúar, sent á Biddu og Ævar.

Kl 18:00-19:30 þriðjudaginn 11.febrúar verður félagsfundur þar sem frambjóðendur kynna sig og svara spurningum úr sal, að Stórhöfða 27 í húsnæði Rafmenntar. Fundinum verður streymt, skoða með spurningaforrit þar sem fólk getur spurt úr sal með síma. Ritari tekur að sér að athuga með sal, og heyra í Biddu með streymi.

Mat á menntun, Andri fer yfir stöðu mála þar, hæfniprófið er lykilatriði til þess að hafa síu hjá okkur.

Ólafur lögfræðingur og Andri hafa verið að móta tillögu sem verður lögð fyrir fund með menntamálaráðuneyti.

Euroskills umræður, Andri og Ævar fara yfir málin þar.

- Tillaga um að kennarar fái allavega tvo fulla dagpeninga sem styrk til þess að fara á Euroskills keppnina
Samþykkt af öllum fundarmönnum.



Laganefnd FÍR : Andri, Adam, Eiríkur, Magni og Ævar munu móta lagabreytingar og siðareglur vegna kosninga innan FÍR fyrir aðalfund 2020.

Lögfræðingur RSÍ, ekki verið fundur í laganefnd, lögfræðingur RSÍ hefur verið settur á ís, umræðum um laun hans og fleira. Mikil ánægja með störf lögfræðings RSÍ innan stjórnar og trúnaðarráðs FÍR, það má ekki gerast að hann verði látinn fara. Þetta þarf að ræða í miðstjórn.

Hilmar leggur áherslu á góðan undirbúning fyrir sambandsstjórnarfund RSÍ.

Stytting vinnuviku, hvað er að gerast hjá kjaradeild RSÍ í þessu. Ekki mikið virðist vera.

Gera Rúnar og Hadda að heiðursfélögum FÍR á aðalfundi

Kaup á léni Fir.is, ekki vitað hver staðan er í því, Adam er ekki á fundinum, því er þessu ekki lokið??

Öryggisviðburður RSÍ-Ung, vill FÍR koma að honum með einhverju móti, FÍR verður með bás.

Hvernig er staða með trúnaðarmenn innan fyrirtækja og staða þeirra, vernd fyrir trúnaðarmenn. Skiptir miklu máli að gera eitthvað fyrir trúnaðarmenn. Þarf að vera dýrt fyrir fyrirtækin að reka trúnaðarmenn.

Andri Reyrr tilkynnir framboð sitt til stjórnar Birtu lífeyrissjóðs.

Fundi slitið : 20:21

